

SKILMÁLAR

Samantekt skilmála

Aðeins IS. 18+. Kaupu Pringles-dós, heimsæktu Pringles.com, skannaðu dósina til að setja AR-leikinn af stað milli 03/10/2023 og 31/01/2024 og ljúktu áskoruninni með góðum árangri til að komast að því hvort þú hafir unnið. 85 vinningsaugnablik, vinningar eru 1 x jafngildi €120 í gjaldmiðli landsins af Rakuten-sjónvarpskóðum tiltækir, 5 á hvert undirtímabil. **Framlengt kynningartímabil:** 2 x mánaðarlegir útdrættir vinninga á milli 01/02/2024 og 29/03/2024 þar sem þátttakendur sem ljúka áskoruninni með góðum árangri verða með í útdrætti fyrir alla til að fá tækifæri til að vinna 1 x jafngildi €120 í gjaldmiðli landsins af Rakuten-sjónvarpskóðum á mánuði. Hámark 1 vinningur á mann og 1 þátttaka á dag. Skilyrði og útilokanir Rakuten-sjónvarpskóða eiga við; kóðar sem nota á upp í leigðar kvikmyndir koma aðeins til greina fyrir tilboð; há. leyfileg leiga er 24 kvikmyndir yfir 12 mánaða tímabili. Þörf er á internetaðgangi og stofnun reiknings. Geymdu kvittunina. Fyrir allar upplýsingar um skilmála og skilyrði, skráningu og vinninga skaltu heimsækja www.pringles.com.

Skilmálarnir í heild sinni:

- Þessi kynning er opin íbúum Íslands sem hafa náð 18 ára aldri, að undanskildum starfsmönnum kynningaraðilans, umboðsaðilum, dreifingaraðilum eða hlutdeildarfélagum kynningaraðila eða nánustu fjölskyldumeðlimum (samkvæmt skilgreiningu foreldrar, börn, systkini, makar og aðrir sem deila heimili með viðkomandi) og hverjum sem tengjast þessari kynningu faglega.
- Kaup eru nauðsynleg. **Vinsamlegast geymdu sundurliðaða kvittun sem greinir frá tíma og dagsetningu kaupa áður en þú skráir þátttöku, en innan viðeigandi kynningartímabils, þar sem mögulega þarf að sýna kvittunina til staðfestingar áður en tekið er við verðlaunum.** Nauðsynlegt er að hafa netaðgang, snjallsíma eða spjaldtölvu, Kellogg's aðgang og gilt tölvupóstfang.
- Aðalkynningartímabil:** Skráðu þátttöku á milli kl. 00:01 þann 3. október 2023 og kl. 23:59 þann 31. janúar 2024 meðtalið. Innan þessa tímabils verða aðskilin undirtímabil kynningarinnar („undirtímabil kynningar“) samkvæmt listanum hér að neðan. Hægt er að skrá þátttöku á milli kl. 00:01 og 23:59 hvern dag á aðalkynningarímabilinu:

Undirtímabil kynningar	Upphafstími og -dagsetning	Lokatími og -dagsetning
1	00:01 þann 3.10.2023	23:59 þann 9.10.2023
2	00:01 þann 10.10.2023	23:59 þann 16.10.2023
3	00:01 þann 17.10.2023	23:59 þann 23.10.2023
4	00:01 þann 24.10.2023	23:59 þann 30.10.2023
5	00:01 þann 31.10.2023	23:59 þann 6.11.2023
6	00:01 þann 7.11.2023	23:59 þann 13.11.2023
7	00:01 þann 14.11.2023	23:59 þann 20.11.2023
8	00:01 þann 21.11.2023	23:59 þann 27.11.2023

9	00:01 þann 28.11.2023	23:59 þann 4.12.2023
10	00:01 þann 5.12.2023	23:59 þann 11.12.2023
11	00:01 þann 12.12.2023	23:59 þann 18.12.2023
12	00:01 þann 19.12.2023	23:59 þann 25.12.2023
13	00:01 þann 26.12.2023	23:59 þann 1.1.2024
14	00:01 þann 2.1.2024	23:59 þann 8.1.2024
15	00:01 þann 9.1.2024	23:59 þann 15.1.2024
16	00:01 þann 16.1.2024	23:59 þann 22.1.2024
17	00:01 þann 23.1.2024	23:59 þann 31.1.2024

4. **Framlengd kynningartímabil:** Eftir að aðalkynningartímabili líkur munu skráningar til þátttöku sem áttu sér stað á milli tveggja eftirfarandi framlengdra kynningartímabila verða skráðar í viðeigandi framlengt kynningartímabil:
 - a. **Framlengt kynningartímabil 1:** Skráðu þátttöku á milli kl. 00:01 þann 1. febrúar 2024 og kl. 23:59 þann 29. febrúar 2024.
 - b. **Framlengt kynningartímabil 2:** Skráðu þátttöku á milli kl. 00:01 þann 1. mars 2024 og kl. 23:59 þann 29. mars 2024.
5. **Til að skrá þátttöku í kynninguna:** Verða þátttakendur að:
 - a. Kaupa Pringles dós;
 - b. Fara inn á Pringles.com með snjallsíma eða spjalddölvu og skrá sig inn eða skrá nýjan Kellogg's reikning og ljúka við fjölþætta auðkenningarferlið;
 - c. Skanna dósina til að ræsa AR leikinn;
 - d. Ljúka við áskorunina í AR leiknum („áskorunin“);
 - e. Þegar áskoruninni er lokið verða vinningshafar samstundis látin vita á skjánum.
6. **Frekari skilyrði fyrir þátttöku:**
 - a. Snjallsímar með eldri stýrikerfi en iOS 14 eða Android 9, og iPhone símar sem eru iPhone 8 eða eldri geta mögulega ekki hlaðið gögnum nógu hratt og þannig haft áhrif á keppnistíma þátttakanda.
 - b. Aðeins er hægt að ræsa viðbótarveruleikaleikinn í Safari eða Google Chrome vafra í snjallsíma eða spjalddölvu.
7. Hverri þátttöku verður að fylgja kvittun fyrir kaupum sem voru gerð á kynningartímabilinu og fyrir tíma og dagsetningu þátttökunnar.
8. Að hámarki er leyfð ein skráning á mann, og á dag, á meðan á hverju kynningartímabili stendur og hámarki eru leyfð ein verðlaun á mann yfir öll kynningartímabilin.
9. Þegar þátttakandi hefur spilað alls 50 sinnum á öllum kynningartímabilum fær hann strax tilkynningu á skjánum um að hann þurfi að senda þjónustudeild Pringles kvittanir fyrir öllum innsendum færslum. Ef þátttakandi getur ekki lagt fram kvittanir fyrir öllum innsendum skráningum getur sá þátttakandi ekki lengur tekið þátt og allar innsendar færslur viðkomandi eftir þetta verða ógildar.
10. Vinningshafar verða að geyma sundurliðaða kvittun sem greinir frá að dósinn hafi verið keypt á kynningartímabili, og að dagsetning kaupa er fyrir þátttöku, þar sem mögulega þarf að sýna kvittunina til staðfestingar áður en tekið er við verðlaunum.
11. **Verðlaun á aðalkynningartímabili:** Á meðan á aðalkynningartímabilinu stendur er mögulegt að vinna 85 verðlaun, fimm (5) verðlaun fyrir hvert undirtímabil kynningar. Hver verðlaun samanstanda af einum (1)

Rakuten TV kóða („Verðlaunakóði“) að virði 120 € eða sambærilegrar upphæðar í þínum gjaldeyri (u.þ.b. 18.037 íslenskar krónur þegar drög að þessum skilmálum voru skrifuð).

12. **Verðlaun á framlengdu kynningartímabili:** Hægt er að vinna ein (1) verðlaun innan hvers framlengds kynningartímabils. Hver verðlaun samanstanda af einum (1) Rakuten TV kóða („Verðlaunakóði“) að virði 120 € eða sambærilegrar upphæðar í þínum gjaldeyri (u.þ.b. 18.037 íslenskar krónur þegar drög að þessum skilmálum voru skrifuð).
13. **Frekari skilmálar verðlauna:**
 - a. Rakuten TV kóða má aðeins nota til að leigja kvikmyndir sem þetta tilboð nær til. Listi yfir kvikmyndir til leigu sem þetta tilboð nær til er að finna á <https://rakuten.tv/is/campaigns/pringles>
 - b. Leyfilegt er að leigja að hámarki 24 kvikmyndir á 12 mánaða tímabili með Rakuten TV kóðanum.
 - c. Nýskráning Rakuten TV aðgang er áskilin og ókeypis. Ef þú ert ekki þegar með reikning hjá Rakuten.tv verður þess krafist að þú skráir þig hjá Rakuten TV og samþykkir notandaskilmála, samningsskilyrði, friðhelgisstefnu og vafrakökur.
 - d. Ekki er hægt að yfirfæra Rakuten TV kóða til annarra aðila, skipta þeim út fyrir pening, eða gefa út á ný ef þeir glatast.
 - e. Hver verðlaun eru gefin út með a.m.k. 12 mánaða gildistíma og öllum leigum á kvikmyndum skal vera lokið áður en gildistíma líkur.
 - f. Úttektarmiða og úttektarkóða er ekki hægt að framlengja eða endurgreiða ef þeir hafa ekki verið nýttir fyrir fyrningardagsetningu.

Skráning Rakuten TV aðgangs og nýting verðlaunanna eru háð fyrirbyggjandi skilmálum Rakuten TV. Frekari upplýsingar auk allra skilmála sem tengjast nýtingar verðlaunanna eru að finna á: https://rakuten.tv/is/pages/terms_and_conditions_of_use

14. **Val vinningshafa á aðalkynningartímabili:** Meðan á aðalkynningartímabilinu stendur hefur utanaðkomandi þjónustuaðili valið af handahófi 85 „vinningsaugnablik“ (daga, klukkustundir, mínútur, sekúndur) á aðaltímabilinu, 5 á hvert undirtímabil. Fyrsta árangursríka áskorunin og næsta þátttaka á vinningsaugnablikinu eða eftir það fær úthlutað vinningnum. Ef engin þátttaka berst frá einu vinningsaugnabliki til annars færast vinningurinn frá því vinningsaugnabliki og býr þannig til aukavinningsaugnablik. Öll 85 verðlaunin eru í boði sem vinningar.
15. **Val vinningshafa á framlengdum kynningartímabilum:** 1 vinninghafi verður valinn af handahófi úr öllum gildum skráningum á hverju framlengdu kynningartímabili (tveir vinningshafar samtals). Verðlaunaútdráttur verður innan 5 virkra daga eftir lok hvers framlengds kynningartímabils.
16. **Tilkynning til vinningshafa:**
 - a. **Aðalkynning:** Vinningshafar skráðrar þátttöku („Vinningshafar undirtímabils“) fá samstundis tilkynningu á skjáinn um að þeir hafi unnið og þurfa að fylgja leiðbeiningum á skjánum samstundis til að taka við verðlaunum sínum. Vinningshafar undirtímabils er áskilið að taka skjáskot af tilkynningu sinni ef ske kynni að upp koma tæknilegir örðugleikar og mega einnig búast við því að kynningaradili hafi samband á tölvupóstfangið sem er uppgefið á Kellogg's reikningnum innan 28 daga frá tilkynningu um vinning og biður um staðfestingu á auðkenni og kjörgengni. Ef vinningshafi undirtímabils svarar ekki innan 14 daga eða fellur úr keppni vegna brota á þessum skilmálum áskilur kynningaradili sér rétt til að skila vinningnum í verðlaunapott kynningarinnar, ef vinningurinn er gefinn á meðan á aðalkynningartímabili stendur, eða í handahófskenndan útdrátt (samkvæmt ákvæði 17).

- b. **Framlengdar kynningar:** Vinningshafi hvers framlengds kynningartímabils („Lokavinningshafar“) fær tilkynningu í tölvupósti á tölvupóstfangið sem er uppgengið á Kellogg's reikningnum innan 28 daga frá lokum viðkomandi framlengds kynningartímabils og mega búast við að beðið verði um staðfestingu á auðkenni og kjörgengni. Ef lokavinningshafi svarar ekki innan 14 daga frá fyrstu tilkynningu eða fellur úr keppni vegna brota á þessum skilmálum áskilur kynningaraðili sér rétt til að setja vinninginn í handahófskenndan útdrátt (samkvæmt ákvæði 17).
17. Eftir lok framlengds kynningartímabils 2, fari svo að einhver verðlaunanna sem er hafnað, skila sér ekki til vinningshafa, vinningshafi gerir ekki tilkall til, eða þeim skilað til sendanda, í hvaða kynningartímabili sem er, eða ef undirtímabil eða lokavinningshafi fellur úr leik vegna brots á skilmálum þessum, áskilur kynningaraðili sér rétt til að óska eftir að óháður aðili dragi vinningshafa að handahófi meðal allra þátttakenda sem ekki unnu. Þar sem þetta veltur eingöngu á því hvaða vinningar ganga út á kynningartímabilinu er fjöldi vinninga sem hægt er að úthluta með þessari leið óþekktur. Vinningshafar sem fá verðlaun með þessum hætti munu fá tilkynningu í tölvupósti innan 28 virkra daga eftir lok framlengds kynningartímabils 2.
18. **Verðlaunamóttaka og -afhending:** Vinningshafar undirtímabils eða lokavinningshafar („Vinningshafi“ eða „Vinningshafar“) sem eru ekki beðnir um staðfestingu á auðkenni eða kjörgengni ættu að hafa augun opin eftir tölvupósti sem staðfestir vinning. Þegar vinningshafi sem hefur verið beðinn um staðfestingu á auðkenni og kjörgengni hefur veitt það eftir þörfum ætti hann að hafa augun opin eftir tölvupósti sem staðfestir vinning og inniheldur verðlaunakóða. Það getur tekið allt að 90 daga að afhenda verðlaun á tölvupóstfangið sem var skráð við stofnun Kellogg's aðgangs, en kynningaraðili áætla að senda tölvupóst innan 28 daga frá vinningi.
19. Ef svo ólíklega vill til að verðlaunakóði berist ekki innan 90 daga frá tilkynningu um vinning hafa vinningshafar 28 daga til viðbótar til að upplýsa kynningaraðilann með því að fara inn á síðuna Hafa samband (e. Contact Us) á Pringles.com. Ef vinningshafi gerir það ekki áskilur kynningaraðili sér rétt til að gefa ekki út verðlaunin að nýju eða að takmarka gildi þeirra samkvæmt eigin ákvörðunarrétti.
20. Allir viðeigandi skattar sem þörf er á að greiða til að geta tekið við vinningnum eru á ábyrgð vinningshafans.
21. Það er á ábyrgð vinningshafa að gefa upp réttar persónuupplýsingar á Kellogg's aðgangi sínum til þess að geta tekið við verðlaunum sínum. Kynningaraðilinn ber enga ábyrgð á því ef ekki er hægt að afhenda vinninginn vegna rangra upplýsinga. Ekki er hægt að uppfæra pósthaf eða tölvupóstfang vinningshafa eftir skráningu.
22. Kynningaraðili óskar mögulega eftir því að vinningshafinn taki þátt í hæfilegri kynningarstarfsemi í tengslum við kynninguna, þ.m.t. notkun á nafni vinningshafa, rödd, borg/bæjarfélagi vinningshafa, mynd af vinningshafa eða myndband, og/eða önnur sýnileg einkenni í auglýsinga- og/eða viðskiptatilgangi og/eða í öðrum tilgangi í hvaða miðli eða sniði sem er nú eða hér eftir án frekari þóknunar (fjárhagslegrar eða annarrar). Þátttaka heyrir undir ákvörðunarrétt vinningshafa og er ekki skilyrði þess að taka við verðlaununum.
23. Kynningaraðili leitast við að framkvæma kynningarherferðir með sanngjörnum og tryggum hætti og koma í veg fyrir misnotkun og svik. Ef þú skráir þátttöku í ósamræmi við þessa skilmála mun þátttaka þín (og öll dulnefni sem tengjast þér) falla úr keppni, vinningar sem hafa verið afhendir fyrnast, og kynningaraðili

áskilur sér rétt til að banna þér þátttöku í frekari kynningum í a.m.k. sex mánuði. Vegna þessa áskilur kynningaraðili sér rétt að hvenær sem er:

- a. Sannprófa kjörgengi þátttakenda og/eða tímabundinna vinningshafa með því að óska eftir slíkum upplýsingum sem við teljum nauðsynlegar í þessum tilgangi. Þátttakanda getur verið synjað um skráningu þátttöku eða verðlaun þar til sannprófun er lokið með fullnægjandi hætti.
 - b. Taka úr keppni þátttöku sem ekki er framkvæmd beint af einstaklingnum sem er skráður þátttakandi í kynningunni.
 - c. Taka úr keppni þátttökur sem framkvæmdar voru með ónafngreindri tölvupóstþjónustu svo sem, án takmörkunar við, GuerillaMail, Dispostable eða Mailinator.
 - d. Taka úr keppni magnskráningar þátttöku frá einstaklingum, fyrirtækjum, neytendasamtökum eða þriðju aðilum, skráningar sem ekki eru fullkláraðar, og skráningar skráðar með notkun fjölvaskipana (e. „macros“) eða annarri sjálfvirkni.
 - e. Taka úr keppni skráningar sem eru yfir leyfðu hámarki skráninga, eða skráningar með notkun tækni á borð við „skriftumál“ (e. „script“), þvingun (e. „brute force“), notkun fleiri SIM korta fyrir skráningar, dulkóðun auðkennis með því að hagræða IP vistfangi, notkun dulnefna eða auðkenna annarra, eða annarrar tækni.
 - f. Taka úr keppni skráningar þátttöku sem á einhvern annan hátt uppfylla ekki kröfur þessara skilmála.
24. Þátttakendum er skylt að gefa upp persónuupplýsingar með löglegu nafni sínu. Kynningaraðilinn áskilur sér rétt sinn til að taka þátttakanda úr keppni sem notar mörg nöfn eða tölvupóstföng og krefjast þess að þau skili vinningum sem þau hafa unnið.
25. Verðlaunin er ekki hægt að færa yfir á annan aðila eða skipta við annan aðila né skipta út fyrir pening eða aðra þóknun. Ef svo ólíklega vill til að einhver hluti verðlauna sé ekki fánlegur áskilur kynningaraðili sér rétt sinn til að veita í staðinn önnur verðlaun, af sama eða hærra virði, samkvæmt ákvörðunarrétti.
26. Ef ekki er hægt að framkvæma kynningarherferðina samkvæmt áætlun vegna ástæðna tengdum, en takmarkast ekki við, hagræðingum, óheimila íhlutana, svika, óheiðarleika, tæknilegra örðugleika, eða öðrum ástæðum sem kynningaraðili getur ekki haft áhrif á sem spilla eða hafa áhrif á stjórnun, öryggi, sanngirni, réttmæti eða tilhlýðilega framgöngu þessarar kynningarherferðar, áskilur kynningaraðili sér rétt sinn til að taka úr keppni þátttakendur sem hagræða skráningarferlinu eða fylgir ekki þessum skilmálum, eða gera skráningar sem í hlut ógildar og/eða afturkalla, breyta eða fresta kynningunni.
27. Engin ábyrgð er tekin á skráningum sem glatast, seinkar, spillast, skemmast, leiddar voru í villu, eða voru ófullnægjandi, eða sem ekki bárust vegna tæknilegra eða flutningstengdra ástæðna eða annarra ástæðna. Sönnun sendingar gildir ekki sem sönnun móttöku. Kynningaraðilinn ábyrgist ekki áframhaldandi eða tryggt aðgengi að kynningarsíðunni.
28. Kynningaraðilinn, ásamt öllum tengdum umboðsaðilum og fyrirtækjum, ber ekki ábyrgð á neinu tapi (þar með talið, án takmarkana við, óbeint, sérstakt eða afleitt tap eða tap á hagnaði), útgjöldum eða skemmdum sem hljóttast af eða koma upp (hvort sem það verður vegna vanrækslu manneskju eða ekki) í tengslum við þessa kynningu eða viðtöku eða notkun vinnings, nema þá skaðabótaskyldu sem ekki er

hægt að útiloka samkvæmt lögum. Ekkert útilokar ábyrgð kynningaraðila vegna dauða eða líkamstjóns sem hlýst af vanrækslu hans.

29. Kynningaraðilinn ber ekki ábyrgð á neinum seinkunum eða vanefndum á skyldum vegna óviðráðanlegra ástæðna sem tengjast, en takmarkast ekki við, óviðráðanlegum aðstæðum (e. „Acts of God“), hnattrænum eða svæðisbundnum sjúkdómsfarsóttum eða heimsfaröldrum, ofsaveðri, bruna, kjaradeilum, stríði, hryðjuverkum, hótunum, pólitískum óróa, óeirðum, borgarahreyfingum, drepróttum, eða öðrum náttúrulegum hamförum eða öðrum aðstæðum kynningaraðila.
30. Við leggjum okkur fram við að vernda friðhelgi þína. Kellogg Europe Trading Limited (Kellogg) mun aðeins vinna úr upplýsingum þínum í eftirfarandi tilgangi: (1) Til að standa að þessari kynningu samkvæmt skilmálum, og (2) til að hafa samband við þig í tengslum við framtíðar kynningarherferðir og í markaðssetningartilgangi. Við munum aldrei selja gögn um þig til þriðja aðila, en það getur verið að við sameinum gögn þín gögnum annars staðar frá til að byggja upp nafnlausar forstillingar fyrir markmiðaðar auglýsingar. Unnið verður úr gögnum þínum og þau geymd á netþjónum í Bandaríkjunum. Kellogg hefur gengið úr skugga um að allir vinnsluaðilar sem við notum séu skuldbundnir til að vernda gögn samkvæmt stöðluðum ákvæðum Evrópusambandsins. Við munum geyma gögnin þín svo lengi sem að samþykki þitt er gilt og þú vilt fá sent markaðsefni. Þú hefur rétt á að nálgast þín gögn, afturkalla samþykki þitt eða að láta eyða gögnunum. Þú hefur einnig rétt á því að hafa samband við eftirlitsaðila gagnaverndar. Vinsamlegast skoðaðu Persónuverndarstefnu okkar ef þú hefur frekari spurningar um hvernig við notum gögnin. Þú getur einnig haft samband við okkur á DataPrivacyOfficer@kellogg.com. Farið verður með allar upplýsingar sem er safnað um þátttakendur í þessari kynningu sem trúnaðarmál í samræmi við persónuverndarstefnu kynningaraðila sem er að finna á: <https://www.pringles.com/is/privacy-policy.html>
31. Ef farið er fram á það í nafni laga eða sjálfseftirlitskóða sem stjórna framkvæmd kynningarinnar kann kynningaraðili að þurfa að deila persónuupplýsingum vinningshafa með yfirvöldum, eingöngu í samræmi við skilyrði viðeigandi reglugerða. Þessar upplýsingar kunna að fela í sér nöfn vinningshafa, eftirnöfn, bæjarfélag, eða aðrar persónuupplýsingar sem kynningaraðila er skylt að deila.
32. Ef einhver hluti þessara skilmála er með lögum talinn ógildur, ólöglegur, eða honum ekki unnt að framfylgja, mun það ekki hafa áhrif á aðra hluta skilmálanna og eru þeir áfram í gildi.
33. Með skráningu hefur þú samþykkt að binda þig þessum skilmálum.
34. Ef ósamræmi kemur upp á milli þessara skilmála og skilmála í einhverju öðru kynningarherferðaefni munu þessir skilmálar ganga framar.
35. Þessir skilmálar og skilyrði skulu lúta lögum á Íslandi og túlkun þeirra og beiting skal lúta eingöngu lögsögu dómstóla á Íslandi.

Kynningaraðili: Kellogg Europe Trading Limited, 3 Dublin Airport Central (DAC), Dublin Airport, Dublin (skráningarnúmer fyrirtækis 0387390). EKKI SENDA SKRÁNINGAR ÞÁTTTÖKU Á ÞETTA HEIMILISFANG.